

Rúmfrek bréf innanlands

Almennt

Rúmfrek bréf innanlands eru sendingar sem komast ekki inn um póstlúgu en eru undir 2 kg. Stærðarmörk póstlúgu sjá kafla. 1.1.3. Rúmfrek bréf er afhend af bréfbera. Ef afhending tekst ekki er skilin eftir tilkynning og afhent á pósthúsi næsta virka daga.

Stærðarmörk

Hámarksstærð: lengd + breidd + hæð: 900 mm. Mesta lengd: 600 mm. Lágmarks þykkt: 2 cm

Þyngdarflokkar

0 – 2.000 gr

Verð

Verð: Sjá verðskrá á postur.is.

Innihald

Eftirfarandi innihald sendingar er óheimilt að senda hér á landi:

1. Efni sem stafar af eld- eða sprengihætta og önnur hættuleg efni.
2. Eiturlyf og ofskynjunarefni, nema til læknisfræðilegra eða vísindalegra nota.
3. Geislavirk efni.
4. Hlutir sem í eðli sínu eða sökum óvandaðra umbúða, geta skaðað póststarfsmenn, óhreinkað eða skemmt aðrar sendingar eða tæki Póstsins.
5. Lifandi dýr.
6. Fersk matvæli, frosin, reykt eða óelduð, sbr. kjöt, fiskur, egg eða annað matarkyns sem getur skemmt í flutningum.

Ef senda þarf lífræn efni, t.d. lífsýni, í pósti verður að senda slíkar sendingar sem rekjanleg bréf eða sem pakka sending.

Þjónustu- og gæðastaðlar

Þjónustu- og gæðastaðlar eru samkvæmt gæðastöðlum um almenn bréf 0-50 g.

Afhending

Rúmfrek bréf er afhend af bréfbera. Ef afhending tekst ekki er skilin eftir tilkynning og afhent á pósthúsi næsta virka daga. Ekki er hægt að senda rúmfrekt bréf í póstbox. Hægt er að fá sendingu heimsenda gegn gjaldi á þeim stöðum sem Pósturinn hefur byggt upp heimasturskerfi. Sjá hér eftir póstnúmerum: [Þjónustustig](#).

Geymslugjöld

Geymslugjald reiknast eftir 10 virka daga frá komudegi sendingar.

Póstlagningarmáti

Ekki má póstleggja rúmfrek bréf í póstkassa. Ef rúmfrek bréf eru póstlögð á þann hátt er ekki hægt að tryggja að sendingin fái rétta meðhöndlun.

Afslættir

Ef um veruleg viðskipti er að ræða er afsláttur veittur út frá tíðni og magni.

Áritun og merkingar

Póstfang viðtakanda skal rita framan á sendinguna. Á svæðinu skulu ekki vera aðrar upplýsingar en þær sem tengjast beint pósthólfi viðtakanda. Komi pósthólf sendanda fram skal það vera aftan á, með krossi yfir, þá sést að um sendanda sé að ræða.

Rita skal nafn viðtakanda í nefnifalli. Fyrir neðan nafn viðtakanda er ritað heimilisfang í þágufalli og fyrir neðan heimilisfangið er ritað póstnúmer og heiti bæjarfélags/borgar einnig í þágufalli. Ef viðtakandi vill fá sendinguna afhenta í pósthólf er númer pósthólfsins ritað í stað heimilisfangs og póstnúmer pósthólfsins ritað í stað póstnúmers bæjarfélagsins þar sem við á.

Endursendingar, áframsendingar og biðpóstur

Endursending/vanskilasendingar: Ef ekki tekst að koma sendingunni til viðtakanda er skilin eftir tilkynning og ef hann vitjar ekki sendingarinnar innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar, er hún endursend. Ítrekun hefur þá átt sér stað einu sinni.

Áframsending: Ef viðtakandi hefur tilkynnt flutning og biður um áframsendingu á nýtt pósthólf þarf að greiða mánaðarlegt gjald. Hægt er að tilkynna um flutning án þess að greiða þjónustugjald en þá mun áframsending ekki taka gildi og því verða bréfin endursend sem berast á gamla heimilisfangið.

Verð: Sjá [verðskrá](#).

Biðpóstur: Viðtakendur sem fá sendingar stílaðar sem biðpóst á ákveðið pósthús (post restante), t.d. ferðamenn, geta sótt hann þangað. Biðpóstur er einnig í boði fyrir þá sem óska eftir því að láta geyma almennar bréfasendingar fyrir sig tímabundið. Pósturinn mun áframsenda sendingar sem að berast á ákveðið heimilisfang á umbeðið pósthús. Þegar tímabili er lokið sem hefur verið greitt fyrir þá eru almennar bréfasendingar sem að hafa borist, bornar út á það heimilisfang sem stílað er á bréfin, 1-2 virkum dögum síðar. Geymslutími biðpósts á almennum óskráðum sendingum eru 60 dagar nema um annað sé samið en 30 dagar á skráðum sendingum. Sækja skal biðpóst reglulega þegar um lengra tímabil er um að ræða svo ekki komi til óþæginda af því að póstur safnist fyrir. Annar aðili má sækja póstinn gegn skriflegu umboði sé um langa dvöl t.d. erlendis að ræða eða ef ekki er mögulegt að nálgast póstinn sjálfur vegna annara ástæðna. Skriflegt umboð gildir í eitt ár nema annað sé tekið fram. Sá sem er skráður fyrir umboði verður að hafa náð 15 ára aldri. Verð: Sjá [verðskrá](#).

Skaðabætur

Ekki eru greiddar skaðabætur fyrir rúmfrekan bréfaþóst, hvorki tjóni né seinkun. Engin ábyrgð er heldur tekin á afleiddu tjóni t.d. vegna seinkana á afhendingu.

Viðbótarþjónusta

Heimsendingarþjónusta

Svarsendingar

Önnur viðbótarþjónusta er ekki í boði.